

Reykjavíkurborg
b.t. Borgarráðs
Skrifstofu borgarstjórnar
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

7. mars 2019

**BORGARRÁÐ 15. nóvember 2018: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins
um sundurliðun á lögfræðikostnaði Félagsbústaða - R18060131**

Flokkur fólksins óskar eftir að fá sundurliðun á 111 mkr. kostnaði Félagsbústaða sem féll til á tímabilinu 1.1.2013 til 30.9.2018 vegna lögfræðiþjónustu. Spurt er hve mikill kostnaður var vegna lögfræðiráðgjafar, útburðarmála o.s.frv. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvaða lögfræðifyrirtæki Félagsbústaðir áttu viðskipti við og hve mikið var greitt fyrir þjónustu til hvers þeirra.

Í svari Félagsbústaða 12. nóvember sl. vegna fyrirspurnar í borgarráði um heildarlögfræðikostnað Félagsbústaða tímabilið 1.1.2013 til 30.9.2018 (tæp 6 ár) kom fram að kostnaðurinn hafi numið 111.626.386 mkr. og viðskiptin verið við átta lögfræðifyrirtæki. Á umræddu tímabili var lögfræðiþjónusta keypt af eftirfarandi fyrirtækjum:

Lögfræðifyrirtæki	Fjárhæð í Kr.
ADVEL lögmenn slf.	3.361.827
Forum lögmenn ehf.	2.437.500
Lagahvoll slf.	4.189.945
Logos slf.	140.401
Lögheimtan ehf	26.837.033
Lögmenn Bárugötu slf.	1.060.740
Málþing ehf	34.554.229
MOTUS	39.044.711
Heildarkostnaður	111.626.386

Kostnaður sundurliðast með eftirfarandi hætti:

1. Innheimtumál

Lögfræðikostnaður vegna innheimtumála, sbr. lög nr. 95/2008 og laga um hú sleigu nr. 36/1994, nam 65,8 mkr. eða um 12,3 mkr. á ári. Viðskipti Félagsbústaða vegna innheimtumála voru við Motus og Lögheimtuna.

Greiðslur til Motus vegna innheimtuþjónustu felast í innheimtuviðvörðunum, skráningargjöldum, innheimtukostnaði, milliinnheimtu, gerð kröfulýsinga og kröfuvaktar. Heildargreiðsla fyrir tímabilið var 39 mkr. eða 6,5 mkr. á ári að meðaltali. Þessi kostnaður lækkaði verulega árið á árinu 2018 og

verður áfram lægri. Í stað þess að sinna milliinnheimtu á skrifstofu Félagsbústaða hefur verið gerður samningur við Motus um þennan þátt innheimtu. Færa má rök fyrir því að flokka megji þennan kostnað sem sérfræðiþjónustu frekar en lögfræðiþjónustu.

Heildargreiðslur til Lögheimtunnar námu 26,8 mkr. eða 4,5 mkr. á ári að meðaltali. Lögheimtan sinnti lögfræðiinnheimtu vegna leiguskulda sem í sumum tilvikum lauk með útburði vegna vangoldinnar húsaleigu.

2. Húsreglnabrot

Heildargreiðslur til Málþings námu 20,7 mkr. eða 3,5 mkr. á ári að meðaltali. Málþing sinnti lögfræðiinnheimtu vegna samningsbrota á leigusamningum einkum vegna endurtekinna húsreglnabrota sbr. húsleigulög nr. 36/1994. Inni í þessari fjárhæð eru bæði útlögð dómsmálagjöld og annar útlagður kostnaður ásamt virðisaukaskatti, oft samtals um þriðjungur af reikningsfjárhæð.

3. Skuldabréfaútboð

Lögfræðikostnaður vegna skuldabréfaútboða Félagsbústaða nam 7,6 mkr. á árunum 2017 og 2018. Kostnaðurinn er tilkominn vegna vinnu við gerð grunnlýsingar fyrir skuldabréfaútgáfu, sérfræðiráðgjafar og veðgæslu. Þjónustan var keypt af Lagahvoli alls 4,2 mkr. og ADVEL lögmonnum alls 3,4 mkr.

4. Ráðgjöf

Lögfræðikostnaður vegna sérfræðiráðgjafar nam 17,4 mkr. eða 2,9 mkr. á ári að meðaltali. Sérfræðiráðgjöf var keypt m.a. vegna fasteignaviðskipta, álitsgerða, raka- og lekavandamála, svara við erindum umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns borgarbúa. Þjónstuna var keypt af Málþingi fyrir 13,8 mkr., Forum lögmonnum fyrir 2,4 mkr., Lögmonnum Bárugötu fyrir 1 mkr. og Logos fyrir 140 þúsund kr.

Þjónustukaupin byggja á samkomulagi við lögfræðifyrirtækin um þjónustu og sérfræðiráðgjöf vegna tiltekinna málaflokka. Samkvæmt samningi sér Motus um meginhluta innheimtumála og Lögheimtan um lögfræðilega hlið innheimtumála. Lagahvoll veitir ráðgjöf vegna skuldabréfaútboðs og samið var við Málþing um tiltekin lögfræðistörf, ráðgjöf og málf lutning.

Virðingarfyllst,



Sigrún Árnadóttir,
framkvæmdastjóri